



Samþykkt byggðarráðs varðandi úthlutun byggðakvóta

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: ANR21110333

Málalyklar: 11.02.07 Úthlutanir aflaheimilda

Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 10.01.2022

Dagsetning skjals: 08.01.2022

Upplýsingar um viðskiptavin:

Norðurþing

Netfang: "Drífa Valdimarsdóttir" <drifa@nordurthing.is>

Notandi: "Drífa Valdimarsdóttir" <drifa@nordurthing.is>
Dagsetning: 8.1.2022 10:38:48
Til: "Sigurbjörg Óladóttir" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=059ee0dbdeb04cb6a0a24346f06c17a7-r04s>
Afrit til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið" <anr@anr.is>
Efni: RE: Fw: Norðurþing - Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn - Úthlutun byggðakvóta 2021/2022

Sæl Sigurbjörg og gleðilegt nýtt ár!

Á fundi byggðarráðs Norðurþings á fimmtudag var tekið fyrir erindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins varðandi úthlutun byggðarkvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2021/2022.

Á fundinum var bókað;

„Byggðarráð samþykkir að óska eftir samsvarandi breytingum og undanfarin ár sem eru eftirfarandi; Norðurþing (breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, vinnsluskylða innan sveitarfélags).

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Kópaskers og Raufarhafnar með eftirfarandi breytingum: a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem upp- fylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í ein- stökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli sem landað er í sveitarfélagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma þessum óskum á framfæri við ráðuneytið.“

Þessi niðustaða tilkynnist hér með og er óskað eftir að ráðuneytið taki til skoðunar beiðni Norðurþings samkvæmt ofangreindu.

Bestu kveðjur

Drífa Valdimarsdóttir

Fjármálastjóri Norðurþings og staðgengill sveitarstjóra

[Norðurþing](#)

Stjórnsýsluhús

Ketilsbraut 7-9

640 Húsavík

Sími 464 6100

<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>

From: Sigurbjörg Óladóttir <sigurbjorg.oladottir@anr.is>


Sent: 23.12.2021 08:42:06

To: Norðurþing

Subject: Fw: Norðurþing - Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn - Úthlutun byggðakvóta 2021/2022

Tilvísun í mál: ANR21110333

 - image001.png

 - image002.png